

Sjúkratryggingar í rannsóknaleyfum:

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra við Félag háskólakennara er háskólaráði heimilt að fella niður kennslu- og stjórnunarskyldu háskólakennara 1 eða 2 misseri í senn til að gera honum kleift að verja auknum hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa.

Algengt er að kennarar verji þessum tíma sínum að hluta eða öllu erlendis. Áður en farið er úr landi þarf að huga að sjúkratryggingum starfsmanns og fjölskyldu hans.

Hvort sem dvalist er á EES svæðinu eða utan þess þarf að sækja um það til Tryggingastofnunar ríkisins að starfsmaður og fjölskylda hans njóti trygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar. Umsókn þessa efnis á að berast alþjóðadeild Tryggingastofnunar fjórum vikum áður en farið er af landi brott.

Vegna dvalar í EES landi geta opinberir starfsmenn fengið útgefið E 101 IS vottorð sér til handa. Vegna dvalar í landi utan EES þarf að fá útgefna pappíra frá Tryggingastofnun ríkisins um að viðkomandi og fjölskylda hans njóti tryggingaverndar samvæmt íslenskum almannatryggingalögum.

Starfsmenn eru minnir á þá meginreglu að allar tryggingar samvæmt almannatryggingalögum héraðs miðast að aðeins er endurgreitt vegna meðferðar sem veitt er af opinberum sjúkrastofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum með samning við hið opinbera. Það getur því verið nauðsynlegt að kaupa viðbótartrygginga og er starfsmönnum bent á að kanna það í tíma með tilliti til þess lands sem þeir koma til með að dveljast í.